

# Atvinnumál, ferðapjónusta og nýsköpun

Ályktun Haustþings  
Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

Akranesi

29. október 2025



## Atvinnulíf á Vesturlandi

- **Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að styðja við og stuðla að verkefnum sem efla sjálfbærni í iðnaði og matvælaframleiðslu, hagnýtingu efnis og auðlindastrauma, klasasamstarf og eflingu hringrásarhagkerfis á Vesturlandi.**
- **Haustþing SSV hvetur stjórnvöld til frekari aðgerða og ívilnana vegna atvinnustarfsemi á landsbyggðinni, með það að markmiði að fjölga tækifærum fólks til atvinnu, búsetu og styðja við byggðafestu.**
- **Haustþing SSV hvetur stjórnvöld til að styðja ríkulega við verkefni og samstarf til eflingar landshlutans.**

Atvinnulíf á Vesturlandi hefur gengið í gegnum miklar breytingar undanfarin ár. Sjávarútvegur og landbúnaður voru áður langstærstu atvinnugreinarnar, en hlutdeild þeirra er mun minni í dag en áður. Á móti kemur að atvinnusvæðið á Grundartanga og ferðaþjónusta hafa vaxið mjög hratt, auk þess sem grænir iðngarðar, nýsköpunar- og sprotafyrirtæki eru að festa sig í sessi. Vissulega hefur þessi þróun verið misjöfn eftir svæðum á Vesturlandi og segja má að þróun atvinnulífs endurspeglar í íbúabróun í landshlutanum. Samfélagið mun áfram ganga í gegnum miklar breytingar og því er mikilvægt að aðilar atvinnulífs á Vesturlandi geti unnið að nýjum hugmyndum og tileinkað sér hluti sem skipta máli. Því er skilningur og stuðningur stjórnvalda mjög mikilvægur til að stuðla að áframhaldandi atvinnuþróun á Vesturlandi. Tryggj afkoma frumframleiðenda er forsenda nýsköpunar og þróunar í atvinnulífi og forsenda nýliðunar í öllum atvinnugreinum.

Sveitarfélög, í samvinnu við atvinnulíf og félagasamtök, hafa sýnt frumkvæði í að koma á fót samstarfi og verkefnum til að styrkja byggð og atvinnuuppbyggingu á grunni sjálfbærni. Haustþing SSV fagnar þessum verkefnum.

## Matvælaframleiðsla

- **Haustþing SSV skorar á ríkið að styðja við matvælaframleiðslu, rannsóknir og vinnslu. Það er forsenda fyrir fæðu- og matvælaöryggi á Íslandi.**
- **Haustþing SSV skorar á Alþingi að skýra og einfalda regluverk um matvælaframleiðslu, þannig að það sé ekki íþyngjandi heldur efli nýsköpun og vöruþróun.**
- **Haustþing SSV skorar á Alþingi að draga ekki úr tollvernd og auka þannig samkeppnishæfni íslenskra framleiðenda.**

Heilnæmi íslenskra matvæla og hreinleiki náttúrunnar eru eftirsótt gæði í heimi sívaxandi eftirspurnar eftir matvælum og vatni. Vesturland er kjörið til matvælaframleiðslu með öflugan landbúnað, útgerð og fiskvinnslu sem saman mynda góðan grunn til sóknar í matvælaframleiðslu og áherslu á aukna ræktun, óhefðbundna matvælaframleiðslu og fullvinnslu á svæðinu til aukinnar verðmætasköpunar.

## Sjávarútvegur

- **Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að auka rannsóknir á lífmassa Breiðafjarðar og Faxaflóa t.d. þangi, þara og krabba, þannig að betri þekking fáið til að tryggja sjálfbæra nýtingu þessara hafsvæða.**
- **Haustþing SSV skorar á ríkið að stuðla að frekari sátt um sjávarútveg og auka stöðugleika.**

**Haustþing SSV skorar á ríkið að skapa betri grundvöll fyrir litlar og meðalstórar útgerðir sem eru mjög mikilvægar á Vesturlandi. Mikilvægt er að hverskyns breytingar á lögum um stjórn fiskveiða verði ekki til þess að grafa undan samkeppnisstöðu lítilla og meðalstórra útgerða, sbr. breytingar á veiðigjöldum. Mikilvægt er að hverskyns breytingar á lögum um stjórn fiskveiða verði ekki til þess að grafa undan samkeppnisstöðu lítilla og meðalstórra útgerða.**

- **Haustþing SSV skorar á innviðaráðherra að eyða óvissu um skiptingu heimilda innan 5,3% hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins. Samfélög á Vesturlandi treysta mjög á línuívilnun og rækju- og skelbætur og því er mjög mikilvægt að þær verði hvorki skertar né lagðar af.**

Á Vesturlandi eru sjávarbyggðir þar sem reknar eru litlar og meðalstórar útgerðir, fiskvinnslur og fiskmarkaðir. Fyrirtækin mynda undirstöðuatvinnuveg viðkomandi byggða og eru leiðandi í nýsköpun og vöruþróun.

Nokkur styr hefur lengi verið í þjóðfélaginu um umgjörð sjávarútvegs á Íslandi, t.d. vegna hækkunar veiðigjalda, úthlutunar aflaheimilda og samþjöppunar, sem skapar óvissu og erfiðleika fyrir þá sem starfa í þeirri atvinnugrein. Mikilvægt er því að skapa sátt og stöðugleika um starfsumhverfi sjávarútvegs þannig að atvinnugreinin geti þróast áfram á grundvelli sjálfbærrar nýtingar, greitt sanngjarnt nýtingargjald af auðlindinni og eflst samfélaginu öllu til hagsbóta.

Haustþing SSV lýsir yfir áhyggjum sínum af íþyngjandi veiðigjöldum, sérstaklega fyrir minni og meðalstórar útgerðir. Mikil samþjöppun hefur orðið í atvinnugreininni og vísbendingar eru um að með nýlegum breytingum á veiðigjöldum aukist samþjöppun og brotthvarf úr greininni. Því er hætta á að rekstrarumhverfi þessarar grunnstoðar atvinnulífs á Snæfellsnesi komi til með að versna..

## Landbúnaður

- **Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að tryggja meiri hvata til ættliðaskipta og nýliðunar í landbúnaði, t.d. með skattalegum hvata fyrir seljendur og kaupendur bújarða. Fyrir byggðafestu og fæðuöryggi þurfa hvatar að vera með þeim hætti að búseta og matvælaframleiðsla sé áfram tryggð á bújörðum um land allt.**
- **Haustþing SSV hvetur stjórnvöld til þess að útboð á fullfjármagnaðri jarðræktarmiðstöð við LBHÍ fari fram sem allra fyrst þannig að framkvæmdir verði komnar vel af stað á árinu 2026.**
- **Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að tryggja stöðugleika og sanngjarnt orkuverð til garðyrkjubænda og annarra orkufrekra búgreina, til þess að efla framleiðslu og auka framleiðni, stuðla að fjárfestingu, nýsköpun og framþróun landbúnaðar.**
- **Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að ljúka gerð búvörusamninga snemma árs 2026 enda er það síðasta ár gildandi samninga.**
- **Haustþing SSV skorar á ríkið að rannsóknir, nýsköpun og þróun í landbúnaði verði stórlega eflar, greininni til framdráttar.**
- **Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að leita allra leiða til að hvetja til og styðja við verkefni hagaðila í landbúnaði sem tengjast umhverfis- og loftslagsmálum.**
- **Haustþing SSV skorar á Atvinnuvegaráðuneytið að endurskoða regluverk varðandi fiskeldi. Umgjörð, eftirlit og viðurlög með fiskeldi verður að vera með þeim hætti að öðrum búgreinum og atvinnuuppbyggingu stafi ekki hætta af fiskeldisrekstri né heldur umhverfi og lífríki.**

Ástandið í heiminum hefur sýnt okkur hversu mikilvægt það er fyrir Íslendinga að vera sjálfbærir um matvælaframleiðslu og fæðuöflun til að tryggja fæðuöryggi á Íslandi.

Á Vesturlandi eru landbúnaðarhéruð og -svæði sem byggja á hefðbundnum fjölskyldubúskap á litlum og stórum búum. Neikvæð umræða, rangfærslur og deilur í þjóðfélaginu um landbúnaðarkerfið og stuðning við íslenska matvælaframleiðslu gerir starfsumhverfi landbúnaðarins óstöðugt og erfitt að búa við. Það er því mjög mikilvægt fyrir fólk og landssvæði sem byggja afkomu sína á þessari atvinnugrein að sátt náist um íslenskan landbúnað. Landbúnaður stuðlar að fæðuöryggi Íslendinga og er víða forsenda þess að byggð haldist í dreifbýlinu. Lifandi landbúnaður í sveitum landsins og matvælaframleiðsla styður einnig við vörupróun vegna ferðaþjónustu og er byggðafesta fyrir ýmsa byggðakjarna á landsbyggðunum.

Haustþing SSV lýsir yfir miklum áhyggjum á mjög erfiðri stöðu sauðfjárræktar og bendir á að sauðfjárrækt er grunnatvinnuvegur á hluta Vesturlands. Má í því sambandi nefna Dalabyggð sem er svæði sem hefur verið í vörn, en úrvinnslustöð í landbúnaði er meðal stærstu vinnuveitenda í Dalabyggð. Mikilvægt er að standa vörð um þessa starfsemi. Vaxandi áhugi er á heimavinnslu og sölu beint frá býli og mikilvægt er að hlúa vel að slíkum sprotum. Einnig eru mörg tækifæri í landbúnaði sem tengjast umhverfis- og loftslagsmálum og geta miðað að því að fullnusta skuldbindingar og markmið Íslands um kolefnishlutleysi árið 2040.

Mikilvægt er að stoðkerfi landbúnaðarins sé skilvirk og styðji vel við alla starfsemi sem viðkemur landbúnaði, bæði jarðrækt og dýrahald. Það er líka mikilvægt að eftirlits- og gæðakerfið standi sína plikt og vinni vel með atvinnugreininni til að tryggja bæði gæði í matvælaframleiðslu og velferð dýra á Íslandi.

## Grundartangi og grænir iðngarðar

- **Haustþing SSV lýsir yfir áhyggjum af þeim áskorunum, sem nú blasa við fyrirtækjum á Grundartanga og hvetur ríkisstjórn Íslands til að vakta áhrif og undirbúa mótvægisaðgerðir til að lágmarka tjón starfsfólks og sveitarfélaga af þeim áföllum sem rekstur fyrirtækja á svæðinu stendur frammi fyrir.**
- **Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að leita allra leiða til að verjast áformum Evrópusambandsins um setningu tolla á framleiðslu Elkem og minnir á að þau brjóta í bága við inntak og eðli EES samningsins.**
- **Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að tryggja öruggar og greiðar samgöngur að og frá Grundartanga með vegabótum. Það er ein mikilvægasta forsendan fyrir rekstri og öflugri atvinnuuppbyggingu.**
- **Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að hefja endurskoðun raforkulaga, með það að markmiði að tryggja samkeppnishæfni flutnings á raforku.**
- **Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að hvetja til og styðja við verkefni hagaðila í iðnaði sem tengjast umhverfis- og loftslagsmálum. Virkjun og nýting glatvarma frá Elkem er grundvöllur að uppbyggingu nýrra fyrirtækja á Grundartanga.**

**Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að tryggja að regluverk styðji við framleiðslu rafeldneytis. Jafnframt er mikilvægt að skapaðir verði hvatar til fjárfestinga og nýsköpunar í grænum lausnum og efla stuðning við starfsumhverfi grænna iðngarða á Íslandi.**

Atvinnusvæðið á Grundartanga er mikilvægt fyrir Vesturland. Áfall í rekstri Norðuráls mun hafa umtalsverð áhrif á þjóðarhag. Áhrifin eru ekki síður meiri á starfsfólk fyrirtækisins, verktaka og þjónustuaðila sem eiga í viðskiptum við fyrirtækið sem og sveitarfélögin þar sem starfsfólkið býr. Haustþingið hvetur stjórnvöld til að leita allra leiða til að milda áfallið og tryggja kerfislega mikilvæga starfsemi á Grundartanga. Mikilvægt er að

hraða sem mest undirbúningi og framkvæmd þeirra verkefna sem treyst geta í sessi farsæla starfsemi og framtíðaruppbyggingu, núverandi sem og nýrra fyrirtækja, til aukinnar fjölbreyttari starfsemi á svæðinu. Grundartangasvæðið verði eitt af lykiláhersluverkefnum í atvinnustefnu stjórnvalda. Virkjun og nýting glatvarma frá Elkem er grundvöllur að uppbyggingu nýrra fyrirtækja á svæðinu. Því er starfsemi Elkem þungamiðja frekari sóknar til uppbyggingar og verðmætasköpunar á Grundartanga.

Við áframhaldandi þróun svæðisins er nauðsynlegt að horfa til fjölmargra tækifæra í framleiðslu og þjónustustarfsemi sem nýta sér hafnarmannvirki og þekkingarumhverfið á Grundartanga. Aukið samstarf fyrirtækja og nýsköpun er megindrifkraftur framþróunar svæðisins til að gera það enn eftirsóknarverðara fyrir nýja starfsemi með lágmarks umhverfisáhrif. Fyrirtækin vilja skapa sátt við umhverfi sitt og samfélag og vera ábyrg í sínum rekstri.

## Störf á vegum ríkisins og óstaðbundin störf

- **Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að fjölga störfum á vegum ríkisins á Vesturlandi. Með því mætti efla landshlutann, styrkja vinnumarkaðinn, hagræða í opinberum rekstri og skapa meira jafnvægi á milli landshluta.**
- **Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að fylgja af einurð eftir markmiðum núgildandi byggðaaætlunar um að búsetufrelsi verði eflt með fjölgun atvinnutækifæra og auknum fjölbreytileika starfa á landsbyggðinni.**
- **Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að sameiningar ríkisstofnana leiði ekki til fækkunar starfa á Vesturlandi.**
- **Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að rýmka núgildandi reglur um stuðning við óstaðbundin störf þannig að hann nái til fleiri aðila og skili enn frekari árangri.**
- **Haustþing SSV hvetur stjórnvöld til þess að útfæra sem fyrst og auglýsa stuðning við rekstur samvinnurýma.**

Í september 2025 kom út skýrsla Byggðastofnunar, Hvar eru ríkisstörfin<sup>1</sup>, þar sem fram kemur að flest stöðugildi á vegum ríkisins 31.12.2024 eru staðsett á höfuðborgarsvæðinu (70%). Þar er hlutfall stöðugilda hærra en hlutfall landsmanna sem þar býr (64%). Þetta á ekki við um neinn annan landshluta. Á Vesturlandi búa 4,6% landsmanna en hlutfall stöðugilda er 3,2%. Fjöldi stöðugilda var í árslok 925 og hafði fækkað um 25 frá fyrra ári.

Mikilvægt er að ríkið fjölgi opinberum störfum á landsbyggðinni og styðji þannig við fjölbreytta atvinnuuppbyggingu um allt land. Víðs vegar á Vesturlandi hefur verið byggð upp góð vinnuaðstaða fyrir fólk

<sup>1</sup> Byggðastofnun. *Hvar eru ríkisstörfin*. (31.12.2024). Sjá:

[https://www.byggdastofnun.is/static/files/Starfagreining/31.12.2024/rikisstorf\\_31-12-2024.pdf](https://www.byggdastofnun.is/static/files/Starfagreining/31.12.2024/rikisstorf_31-12-2024.pdf)

sem stundar atvinnu sína í fjarvinnu. Innviðirnir eru því til staðar til þess að efla og fjölga óstaðbundnum störfum. Stefna ríkisstjórnarinnar og Alþingis varðandi stuðning við byggðapróun og valfrelsi í búsetu er skýr. Hluti þeirrar stefnu er að styðja við óstaðbundin störf. Miklar takmarkanir eru á þeim stuðningi.

## Ferðaþjónusta

- **Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að tryggja áfangastaða- og markaðsstofum landshlutanna nægt fjármagn til að standa undir þeim verkefnum sem þeim er ætlað að sinna samkvæmt samningum.**
- **Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að setja skýrar reglur um ábyrgð, umsjón og gjaldtöku á áningarstöðum.**
- **Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að skýra og einfalda regluverk um ferðaþjónustu, þannig að það sé ekki íþyngjandi eða dragi úr samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja í ferðaþjónustu sem starfa í samkeppnisumhverfi á heimsmarkaði.**
- **Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að tryggja sveitarfélögunum fjármögnunarleið til að standa undir auknum útgjöldum vegna vaxandi ferðaþjónustu á landinu, til dæmis að gistináttagjald renni til sveitarfélaga.**
- **Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að standa fyrir og stuðla að markvissri uppbyggingu og virkum rekstri á innviðum og grunnþjónustu sem styður við ferðaþjónustu á hverju svæði til að hægt sé að standa fyrir rekstri á heilsárs ferðaþjónustu allsstaðar á Vesturlandi.**
- **Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að efla og auka rannsóknir sem viðkoma ferðaþjónustu á öllum sviðum og stuðla að aðgengilegri framsetningu á öllum gögnum sem varða ferðamál.**
- **Haustþing SSV hvetur til þess að framlög til samgöngumála endurspegli markmið um að ferðamenn ferðist víðar um Ísland og dvelji lengur hérlandis. Samgöngubætur á Vesturlandi stuðla að því markmiði. Huga þarf að fjölgun hringleiða á Vesturlandi.**
- **Haustþing SSV hvetur til þess að gætt sé að jafnræði, fyrirsjáanleika og hófsemi í skattheimtu í ferðaþjónustu. Upptaka innviðagjalds á gesti skemmtiferðaskipa hefur þegar haft og mun hafa verulega**

## **neikvæð áhrif á skipakomur til Íslands og þá sérstaklega til minni hafna.**

Á Vesturlandi hefur verið mikill vöxtur og metnaðarfull uppbygging í ferðaþjónustu, bæði mannvirkjum og þjónustu. Fyrirtæki í ferðaþjónustu eru margbreytileg og bjóða upp á fjölbreytta afþreyingu, gistingu og veitingarekstur. Þetta eru jafnt lítil og stór fjölskyldufyrirtæki, rekstrarfélög og stór þjónustufyrirtæki sem starfa um allt land. Ferðaþjónusta er þannig orðin stór og mikilvægur atvinnuvegur og virkur þáttur í lífi fólks sem eykur mjög lífsgæði á Vesturlandi.

Til að hægt sé að vinna markvisst að uppbyggingu og gæðastarfi í ferðaþjónustu er mjög mikilvægt að unnið sé að virkum rannsóknum um allt land, á umferð, ferðahegðun og atvinnugreininni sjálfri, auk þess að vakta áhrif ferðaþjónustu á land og þjóð. Helstu upplýsingar úr rannsóknum og könnunum þurfa að vera aðgengilegar með skýrri framsetningu á rauntíma, til að hægt sé að nýta þær sem stjórnþæki í uppbyggingu og rekstri ferðaþjónustu um allt land.

## **Nýsköpun**

- **Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að tryggja sanngjarna hlutdeild Vesturlands við úthlutun fjármuna til nýsköpunar.**
- **Haustþing SSV hvetur stjórnvöld og ríkisfyrirtæki til að styðja með öflugum og sanngjörnum hætti við fjárfestingu í nýsköpun og rannsóknavinnu með auknum styrkjum sem úthlutað er til starfsemi sem stunduð er á landsbyggðinni. Til dæmis með því að auka verulega fjármagn í Uppbyggingarsjóði.**
- **Haustþing SSV fagnar áformum stjórnvalda og stuðningi Byggðastofnunar við fjölgun óstaðbundinna starfa. Með því er verið að stuðla að búsetufrelsi og mikilvægt er að haldið verði áfram á þeirri braut.**

Mikilvægi nýsköpunar í atvinnulífi hefur aldrei verið meiri, miklar samfélagsbreytingar eru í gangi og innleiðing nýrrar tækni á öllum sviðum. Unnin hefur verið mikil heimavinna og grunnur að frjórri starfsemi til nýsköpunar af öllum toga verið lagður á Vesturlandi. Þar má nefna Rannsóknar- og nýsköpunarsetrið Breið á Akranesi, Gleipni nýsköpunar- og þróunarsetur á Vesturlandi og fleiri aðila, þróunarfélagið Grundartanga og stofnun samvinnurýma- og nýsköpunarsetra á þéttbýlisstöðum á Vesturlandi, ásamt Nýsköpunarneti Vesturlands (NýVest) sem mun tengja saman þessar starfsstöðvar og er kjörinn vettvangur til að leiða og örva nýsköpun á Vesturlandi. Að Nýsköpunarneti Vesturlands standa háskólar, framhaldsskólar, Símenntun á Vesturlandi, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklingar á svæðinu. Enn fremur eru samvinnurými og nýsköpunarsetur, sem er verið að stofna, góður farvegur fyrir óstaðbundin störf og fjarvinnsluverkefni af öllum toga.

Atvinnuráðgjöf SSV hefur markvisst komið að stuðningi við frumkvöðla og fjármagn úr Sóknaráætlun Vesturlands hefur nýst til nýsköpunar og sem beinn stuðningur við frumkvöðla.